

Upplausn og uppreisn í Úkraínu

Danski sagnfræðingurinn, Thorkild Kjærsgaard, skrifaði, fyrir fáeinum dögum síðan, mikilvægan leiðara í Politiken, sem brýtur í bága við rétttrúnað danskra ráðamanna og stefnu Nató gagnvart Úkraínu.

Thorkild skýtur föstum skotum á danska stjórnámálamenn, sem láta mynda sig skælbrosandi í váfuglunum, sem Danir senda Úkraínumönnum.

Eins og vænta mátti dregur Thorkild upp hið sögulega svið í grófum dráttum. Minnst t.d. á þau vé, sem stórveldin, þ.e. Rússar/Ráðstjórnarríkin og Bandaríkin, hafa helgað sér, þ.e. skilgreint áhrifasvæði. Það gerðu Bandaríkjamenn með Monroe-stefnunni frá 1823.

Í henni kunngera Bandaríkjamenn, að öll Ameríka eins og leggur sig með nálægum hafsvæðum, sé þeirra leikvöllur. Það er m.a. á þeim grunni, að byggðar voru herstöðvar á Grænlandi og Ísland hertekið og hersetið. Thorkild bendir á – það sem allir ættu að vita – að Bandaríkjamenn hafi þrúfaldlega farið með hernaði á hendur grönnum sínum í Ameríku, án þess að nokkur hafi í raun mótmælt – eða beitt þá viðskiptaþvingunum. (Þetta hefur átt sér stað um allan heim.)

Í austrinu hefur slíkur vettvangur aldrei verið skilgreindur sem slíkur, en liggur hefðbundið um Austur-Evrópu, sbr. skelfingartímana árin 1962-3, þegar Bandaríkin höfðu flutt kjarnorkuvopn til Tyrklands og Ráðstjórnarríkin svöruðu með uppsetningu slíkra vopna á Kúbu.

Thorkild átelur Volodymyr Zelensky fyrir að hafa ekki gengið til samninga við Rússa, þegar innrás var hafin í landið – reyndar miklu fyrr.

Volodymyr er loddari, lofaði þjóð sinni friði. Hann gagnrýnir sömuleiðis eigin ríkisstjórn og vestræn yfirvöld fyrir að etja Úkraínumönnum á foraðið og auka eynd þeirra með látlausum vopnasendingum. Þær eru einungis til þess fallnar að draga stríðið á langinn.

Það brakar í samstöðunni um stríðið í Úkraínu í Vestrinu. Hver skoðanakönnunin á fætur annarri sýnir fram á, að almenningur í Natólöndunum sé farinn að sjá í gegnum áróðurinn og greini ljótleika og hráskinnaleik stjórnámálamanna og auðhringa.

Stjórnvöld í Úkraínu og Póllandi eru komin í hár saman. Þessar þjóðir hafa löngum eldað grátt silfur. Úkraínumenn hafa t.d. framið fjöldamorð á Pólverjum og fyrir

nokkrum mánuðum síðan skutu þeir eldflaug að pólsku þorpi til að ybba kif enn frekar og auka þátttöku vestrænna ríkja í stríðinu.

Það sama á í nokkrum mæli einnig við um Ungverja, Rúmena og Búlgara, sem m.a. verjast ódýru, úkraínsku korni, sem er að þriðjungi eða svo í eigu alþjóðlegra auðhringja og ratar að mestu leyti á markaði á Vesturlöndum.

Úkraínsk land og fyrirtæki eru keypt upp fyrir atbeina úkraínskra stjórnvalda í stórum stíl. Spilling er allsráðandi, m.a. í endursölu vopna frá vestrænum ríkjum.

Árásir langt inn í Rússland og hryðjuverk, sbr. sprengingu gasleiðslu Rússa, Þjóðverja og Hollendinga, valda sumum vestrænna leiðtoga og almenningi áhyggjum. Þó ekki Katrínu Jakobsdóttur og Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur. Þær eru meðal herskáustu bandamanna Volodomyr, kyssa hann og kjassa, eins og fleiri úkraínska leiðtoga. Áhyggjum veldur einnig aukin þátttöka hermanna Natóríkja á vígvellinum.

Kosningar í Slóvakíu valda titringi. Líklegur sigurvegari þeirra, hefur efasemdir um réttlætingu stríðsins, og mun ekki senda eina kúlu í viðbót til Úkraínu, veljist hann til embættis forsætisráðherra.

Það fer hrollur á milli skinns og hörunds ritskoðaranna í Evrópusambandinu og Nató. Það ríkir geðshræring í herbúðum þeirra. Hvernig dirfist maðurinn að stunda upplýsingaóreiðu og dreifa falsfréttum? Vei honum!

Eyðilegging og dráp halda áfram í landi þjáðrar þjóðar – líka á börnum til kynferðislegrar misnotkunar og líffæranáms. Vopnfærir menn leita leiða til að komast hjá herþjónustu og þeir vesalingar – óreyndir strákhvolpar að töluverðu leyti – hunsa sjálfmorðsskipanir og kinoka sér við því að fórna sér á altari hernaðarheimskunnar. Þeir hörfa heim til mömmu í hrönnum. Reyndar hefur ungum karlmönnum í Úkraínu verið nær útrýmt.

Volodomyr stígur nú í vænginn við konurnar í ríki sínu og vill búa þeim sömu örlög. Enda væri það í samræmi við jafnréttislöggjöf og -vitund Vesturlanda (í orði, en ekki á borði reyndar).

Ætli komi að því, að íslensk stjórnvöld leggi lóð sitt á vogarskálar friðar eins og heitið var, þegar þjóðin hlaut sjálfstæði? Eða ætli þau fari leið Justin Trudeau og fleiri kanadískra stjórnámálamanna og hylli úkraínska stríðsglæpamenn?

<https://libertarianinstitute.org/news/the-white-house-is-desperately-seeking-more-artillery-ammunition-for-ukraine/>

<https://thekennedybeacon.substack.com/p/the-real-history-of-the-war-in-ukraine>

<https://www.thegatewaypundit.com/2023/09/meat-grinder-tops-80000-casualties-against-colossal-anti/>

<https://www.thegatewaypundit.com/2023/09/seymour-hersh-its-all-lies-war-is-russia/>

https://steigan.no/2023/09/amerikanske-soldater-som-er-saret-i-krigen-i-ukraina-far-behandling-i-tyskland/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/jews-poles-and-russians-have-united?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=137376720&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/military-training-for-young-children-at-ukraines-neo-nazi-summer-camp-recruitment-of-ukraines-child-soldiers-financed-by-us-nonlethal-military-aid/5472801>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/24/this-war-wasnt-just-provoked-it-was-provoked-deliberately/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/25/the-ukrainian-morale-in-the-battlefield-a-snapshot/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/24/ukraines-biggest-arms-supplier-orchestrated-2014-maidan-massacre-witnesses-say/>

https://beeley.substack.com/p/ukraine-grain-scandal-and-the-myth?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=137373941&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/poland-hinted-that-germany-is-to?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=137316407&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.globalpolitics.se/polen-och-ukraina-i-en-fullskalig-politisk-kris-utan-nagot-slut-i-sikte/>

<https://www.bbc.com/news/world-europe-66873495>

https://www.globalresearch.ca/will-ukraine-western-apologists-finally-admit-truth/5832168?doing_wp_cron=1694542322.7662389278411865234375

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/12/a-good-investment-the-ukraine-war-and-the-us-arms-racket/>

https://olatunander.substack.com/p/the-poseidon-attack-on-nord-stream-ef2?utm_campaign=email-post&r=ry8jq&utm_source=substack&utm_medium=email

https://olatunander.substack.com/p/the-poseidon-attack-on-nord-stream?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=136878927&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://vigilantfox.substack.com/p/what-theyre-telling-you-about-ukraine?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/polands-latest-effort-to-repair-its?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57689.htm>

<https://www.indianpunchline.com/germany-creates-equity-in-western-ukraine/>

https://steigan.no/2023/07/max-blumenthal-om-ukraina-i-fns-sikkerhetsrad/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://expose-news.com/2023/07/03/us-officials-benefitting-from-ukraine-war/>

https://steigan.no/2023/09/ukrainakrigen-er-big-business/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://forward.com/authors/lev-golinkin/>

https://alexkrainer.substack.com/p/war-oligarchys-great-silencer?utm_source=post-email-title&publication_id=1063805&post_id=137448743&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/27/a-year-of-lying-about-nord-stream/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/27/bill-kristols-refreshingly-honest-ukraine-war-ad/>

<https://informationclearinghouse.blog/2023/09/27/canadas-honoring-of-nazi-vet-exposes-ottawas-longstanding-ukraine-policy/>

<https://rumble.com/v3le26j-satanic-pedophile-marina-abramovic-becomes-head-of-ukraines-adrenochrome-fa.html>

<https://gilbertdoctorow.com/2023/09/24/dispensing-war-news-with-an-eye-dropper/>

https://korybko.substack.com/p/poland-demands-justice-after-canada?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=137441100&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/poland-chose-the-right-time-to-finish?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=137443218&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://utvarpsaga.is/stridinu-eiginlega-lokid-russland-hefur-unnid-adeins-lygin-stendur-eftir/>

<https://www.globalresearch.ca/ukraine-harvesting-children-organs-adrenochrome-labs/5822575>

https://hallurhallsson.blog.is/blog/hallurhallsson/entry/2294702/?fbclid=IwAR13w9X7nS8PUleDR8Gm40QcVP2ymz4E2XWUdWyga_eqvrydcUE_MHJ-tOg

https://hallurhallsson.blog.is/blog/hallurhallsson/entry/2290381/?fb=1&fbclid=IwAR37wQmiKDWKbh8Y7tlwkeYXzk_wQ1IEzRyfHAzKYO7sgonPij902XYtLqA

<https://www.voltairenet.org/article219739.html>

<https://derimot.no/thorkild-kjaergaardpa-tide-a-innserusserne-har-retten-pa-sin-side/>

<https://politiken.dk/debat/kroniken/art8683368/Ukraine-krigen-er-en-100-procent-un%C3%B8dvendig-krig-som-Vesten-s%C3%A5-let-som-ingenting-kunne-have-forhindret>

Viðbót:

https://olatunander.substack.com/p/the-attack-on-nord-stream-a-short?utm_source=post-email-

[title&publication_id=1510517&post_id=137524580&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email](#)

[https://steigan.no/2023/09/rusland-har-vunnet-mer-territorium-i-ar-enn-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email](#)

[https://gilbertdoctorow.com/2023/09/30/8062/](#)

[https://www.youtube.com/watch?v=Th2POH8bQgA](#)